

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. júní 2014  
2014060011/42-0  
KHS, OKN, TB  
tb

### Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður fálka og þórshana, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Christoph Kasulke um undanþágu til að nálgast hreiður fálka og þórshana vegna myndatöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Náttúrufræðistofnun hefur fengið margar umsóknir til umsagnar í ár þar sem sótt er um undanþágu til að mynda friðlýstar fuglategundir við hreiður þeirra. Ef undanþágur eru veittar er það oftast gert með þeim skilyrðum að Náttúrufræðistofnun leiðbeini myndatökumönnum um tókustaði og/eða að þeir geta farið með í rannsóknarferðir með starfsmönnum stofnunarinnar sem gjörþekkja atferli þeirra tegunda sem um ræðir. Þetta er gert til að tryggja að röskun verði sem minnst fyrir fuglana. Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið að sér að leiðbeina fleiri aðilum í ár og telur auk þess að umsóknir um myndatökuleyfi séu orðnar það margar að nóg sé komið út frá verndarsjónarmiðum. Náttúrufræðistofnun getur því ekki mælt með því að framangreind undanþága verði veitt.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson  
forstöðumaður Stjórnsýsludeildar

